



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavíkurborg
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, íbúaráð Breiðhólts
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 08.04.2020

Skjalnúmer: R200/0167
Skjalasmiðja: Ráðhúsinu

Dagsetning: 15. apríl 2020

Bréðbreyting: 6631

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Breiðholt 1

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðhólts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppd. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðhólts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2020.

Synjað er um að breyta deiliskipulagi með vísun til niðurstöðu í umsögn skipulagsfulltrúa dag. 25. mars 2020.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Flokkur fólksins fagnar því að hlustað hafi verið á rök íbúa og íbúaráðs Breiðhólts varðandi fyrirhugaða færslu á grenndarsvæði við Arnarbakka að horni á Leirubakka og Arnarbakka. Í umsögn íbúaráðsins kemur fram að tillagan hafi verið illa ummin og í henni hafi verið rangar upplýsingar varðandi staðhætti og þær breytingar á deiliskipulagi sem var fyrirhugað. Ljóst er að íbúar borgarinnar sem búa og/eda starfa á þeim svæðum sem til stendur að breyta hafa oft á tíðum lög að mæla. Því er það fagnadarefni að tekið sé tillit til þeirra raka sem íbúar borgarinnar leggja fram, eins og í þessu tilfelli. Ánægjulegt verður að sjá hvort framhald verði á.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Purður Guðmundsdóttir

Purður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2020.

Sent til Ólafur Gylfason, Helgi Kristófersson

Reykjavík 25. mars 2020

Varðar: Breiðholt 1, breyting á deiliskipulagi.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1. Í breytingunni felst að færa núv. grenndarstöð sem er á bílastæði samsíða Arnarbakka á núverandi snúningshaus við Leirubakka, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 6. janúar 2020.

Tillagan var auglýst frá 30. janúar 2020 til og með 12. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Ólafur Gylfason dags. 4. febrúar 2020, Helgi Kristófersson dags. 5. febrúar 2020, íbúaráð Breiðholts dags. 4. mars 2020 og Helgi Kristófersson dags. 12. mars 2020 ásamt undirskriftalista 60 aðila við Leirubakka.

Niðurstaða

Í ljósi þeirra athugasemda sem komu fram við auglýstri tillögu þá er lagt til að skipulagstillagan um færslu á núverandi grendarstöð verði felld niður. Jafnframt er lagt til að festa núverandi grenndarstöð í sessi í Hverfisskipulagi sem er í vinnslu, tryggja og bæta öruggar gönguleiðir að grenndarstöðinni og fella niður stæði fyrir stóra bíla sem er í dag. Liggur fyrir að tillaga að Hverfisskipulagi fyrir Neðra Breiðholt verður auglýst á næstu mánuðum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson